

TILSKIPUN RÁÐSINS**frá 24. júní 1988****um framkvæmd 67. greinar sáttmálans****88/361/EBE**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags
Evrópu, einkum 69. gr. og 1. mgr. 70. gr.,með hliðsjón af tillögum framkvæmdastjórnarinnar sem
lagðar voru fram eftir samráð við peningamálanefndina ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í 8. gr. a í sáttmálanum segir að innri markaðurinn skuli ná til svæðis án innri landamæra þar sem frjálsir fjármagnsflutningar eru tryggðir í, samanber þó önnur ákvæði sáttmálans.

Aðildarríkjunum ætti að vera kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að stjórna lausafjárstöðu banka. Þessum ráðstöfunum má einungis beita í því skyni.

Aðildarríkjunum ætti, ef nauðsyn krefur, að vera kleift að gera ráðstafanir til að takmarka, um stundarsakir og á þann hátt sem tíðkast í bandalaginu, skammtímafjármagnsflutninga sem gætu, jafnvel þó að engin teljanleg breyting verði á grundvallarstefnu í efnahagsmálum, valdið alvarlegri röskun á framkvæmd stefnu þeirra í peninga- og gengismálum.

Ráðlegt er í samræmi við þá tilhögun sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari og til þess að hlutirnir liggi ljóst fyrir að tiltaka gildissvið þeirra bráðabirgðaráðstafana sem samþykktar voru í þágu Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals á sviði fjármagnsflutninga í aðildarlögunum frá 1985.

Konungsríkinu Spáni og Lýðveldinu Portúgal er heimilt, samkvæmt 61. – 66. gr. og 222. – 232. gr. aðildarlaganna frá 1985, að fresta því að afnema höft á tilteknum fjármagnsflutningum og víkja þar frá skuldbindingum þeim sem mælt er fyrir um í fyrstu tilskipun ráðsins frá 11. maí 1960 um framkvæmd 67. gr. sáttmálans ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 86/566/EBE ⁽⁴⁾. Í tilskipun 86/566/EBE er einnig kveðið á um bráðabirgðafyrirkomulag sem beitt verður í þágu þessara tveggja aðildarríkja og varðar skyldur þeirra til að afnema höft á fjármagnsflutningum. Rétt er að gera þessum tveimur aðildarríkjum kleift að fresta beitingu nýrra skuldbindinga um afnám hafta á fjármagnsflutningum sem mælt er fyrir um í tilskipun þessari.

Lýðveldið Grikkland og Írland standa í mismunandi mæli frammi fyrir alvarlegum halla á greiðsluþöfnuði og miklum erlendum skuldum. Tafarlaust og algert afnám hafta á fjármagnsflutningum í þessum tveimur aðildarríkjum myndi gera þeim erfiðara um vik að beita áfram þeim ráðstöfunum sem þau hafa gert til að bæta stöðu sína út á við og til að styrkja og laga fjármálakerfi sín að kröfum sameiginlegs fjármálamarkaðar innan bandalagsins. Því er rétt, í samræmi við 8. gr. c í sáttmálanum, að veita þessum tveimur aðildarríkjum frekari frest til að uppfylla skyldur þær sem í þessari tilskipun felast, að teknu tilliti til aðstæðna þeirra.

Fullt afnám hafta á fjármagnsflutningum gæti í sumum aðildarríkjum, sérstaklega á landamærasvæðum, raskað markaði fyrir íbúðarhúsnæði sem notað er hluta úr ári. Gildandi landslög um slík kaup ættu ekki að verða fyrir áhrifum af gildistöku þessarar tilskipunar. Með því að nota frestinn þangað til tilskipun þessi tek-

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 26, 1. 2. 1988, bls. 1.

⁽²⁾ Álitum var skilað 17. júní 1988 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. 43, 12. 7. 1960, bls. 921/60.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 332, 26. 11. 1986, bls. 22.

ur gildi getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir eða draga úr hættu á rangfærslum, skattsvikum og undanbrögðum sem ólík skattkerfi landanna gætu leitt til og gert ráðinu kleift að taka afstöðu til slíkra tillagna.

Bandalagið skal, samkvæmt 1. mgr. 70. gr. sáttmálans, kappkosta að draga sem mest úr höftum á fjármagnsflutningum milli íbúa þess og aðila utan bandalagsins.

Skammtímafjármagnsflutningar í stórum stíl til eða frá löndum utan bandalagsins kynnu að valda alvarlegri röskun á stöðu gjaldeyris- og fjármála í aðildarríkjunum eða valda alvarlegri spennu á gjaldeyrismörkuðum. Slík þróun gæti reynst skaðleg fyrir samheldni peningakerfis Evrópu, fyrir hnökralausa starfsemi innri markaðarins og tafið fyrir uppbyggingu efnahags- og peningamálabandalags. Því er rétt að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir samstilltar aðgerðir aðildarríkjanna ef þörf krefur.

Þessi tilskipun kemur í stað tilskipunar ráðsins 72/156/EBE frá 21. mars 1972 um stjórn á alþjóðlegu fjármagnsflæði og hvernig draga megi úr óæskilegum áhrifum þess á lausafjárstöðu innanlands⁽¹⁾. Tilskipun 72/156/EBE fellur þar með úr gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við eftirfarandi ákvæði, aflétta hömlum á fjármagnsflutningum milli þeirra sem búsettir eru í aðildarríkjunum. Til að auðvelda beitingu þessarar tilskipunar skulu fjármagnsflutningar flokkaðir í samræmi við skrá í I. viðauka.

2. Yfirfærslur vegna fjármagnsflutninga skulu gerðar með sömu gengisskilmálum og gilda við greiðslur í almennum viðskiptum.

2. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna nefnd seðlabankastjóra, peningamálanefndinni og framkvæmdastjórninni um ráðstafanir, eigi síðar en þegar þær koma til framkvæmda, til að stjórna lausafjárstöðu banka sem hafa sérstök áhrif á fjármagnsviðskipti sem lánastofnanir eiga við aðila búsetta erlendis.

Slíkar ráðstafanir skulu takmarkast við það sem nauðsynlegt er fyrir stjórnun peningamála innanlands. Peningamálanefndin og nefnd seðlabankastjóra skulu láta framkvæmdastjórninni í té álitserðir um þetta efni.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 91, 18. 4. 1972, bls. 13.

3. gr.

1. Þegar óvenjumiklir skammtímafjármagnsflutningar valda miklu álagi á gjaldeyrismörkuðum og leiða til alvarlegrar röskunar á framkvæmd stefnu einhvers aðildarríkis í peninga- og gengismálum, og það kemur fram í verulegum sveiflum í lausafjárstöðu innanlands, getur framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við peningamálanefndina og nefnd seðlabankastjóra, heimilað því að gera verndarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin ákveður nánar og ná til fjármagnsflutninga sem taldir eru upp í II. viðauka.

2. Aðildarríkið sem í hlut á getur sjálft ákveðið að gera ofangreindar verndarráðstafanir ef brýna nauðsyn ber til. Tilkynna ber framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um slíkar ráðstafanir eigi síðar en þegar þær koma til framkvæmda. Framkvæmdastjórnin ákveður, að höfðu samráði við peningamálanefndina og nefnd seðlabankastjóra, hvort hlutaðeigandi aðildarríki sé heimilt að beita þessum ráðstöfunum áfram eða skuli breyta þeim eða nema þær úr gildi.

3. Ráðið getur ákveðið, með auknum meirihluta, að afturkalla eða breyta þeim ákvörðunum sem framkvæmdastjórnin tekur samkvæmt 1. og 2. mgr.

4. Ekki má beita verndarráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt þessari grein lengur en í sex mánuði.

5. Fyrir 31. desember 1992 skal ráðið kanna, á grundvelli skýrslu framkvæmdastjórnarinnar og með hliðsjón af álitni peningamálanefndarinnar og nefndar seðlabankastjóra, hvort ákvæði þessarar greinar falli enn að þeim þörfum sem þeim var ætlað að mæta, bæði er varðar meginreglu og einstök atriði.

4. gr.

Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkja til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir brot á lögum þeirra og reglugerðum, meðal annars á sviði skattamála og í eftirliti með fjármálastofnunum, eða til að setja reglur um tilkynningaskyldu fyrir fjármagnsflutninga þannig að safna megi stjórnsýslulegum eða hagtölulegum upplýsingum.

Beiting þessara ráðstafana og reglna má ekki hefta fjármagnsflutninga sem eiga sér stað í samræmi við lög bandalagsins.

5. gr.

Hvað varðar Konungsríkið Spán og Lýðveldið Portúgal skal gildissvið ákvæða í aðildarlögunum frá 1985 um fjármagns-

flutninga, samanber skrá yfir fjármagnsflutninga í I. viðauka, vera eins og tilgreint er í III. viðauka.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1990. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Enn fremur skulu þau greina frá öllum nýjum ráðstöfunum eða breytingum sem gerðar eru á ákvæðum um fjármagnsflutninga sem taldir eru upp í I. viðauka eigi síðar en þegar þær koma til framkvæmda.

2. Með fyrirvara um ákvæði 61. – 66. gr. og 222. – 232. gr. aðildarlaganna frá 1985 mega Konungsríkið Spánn og Lýðveldið Portúgal, svo og Lýðveldið Grikkland og Írland, halda áfram enn um tíma að takmarka fjármagnsflutninga sem taldir eru upp í IV. viðauka, með þeim skilyrðum og innan þeirra tímamarka sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

Sjái Lýðveldið Portúgal og Lýðveldið Grikkland sér ekki fært innan þeirra tímamarka sem fram koma í III. og IV. lista í IV. viðauka að afnema höft á viðkomandi fjármagnsflutningum, einkum vegna greiðslujöfnunarerfiðleika eða vegna þess að fjármálakerfi þeirra hafa ekki tekið breytingum sem skyldi, getur framkvæmdastjórnin, að beiðni annars þessara aðildarríkja og í samráði við peningamálanefndina, endurskoðað stöðu efnahags- og fjármála í hlutaðeigandi aðildarríki. Á grundvelli þessarar endurskoðunar getur framkvæmdastjórnin síðan lagt til við ráðið að fresturinn til að afnema höft á öllum umræddum fjármagnsflutningum, eða hluta þeirra, verði framlengdur. Frestinn má eigi framlengja um meira en þrjú ár. Ráðið skal fylgja þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 69. gr. sáttmálans.

3. Konungsríkið Belgía og Stórhertogadæmið Lúxemborg mega enn um hríð viðhalda tvöföldum gjaldeyrismarkaði með þeim skilyrðum og í þann tíma sem tilgreindur er í V. viðauka.

4. Heimilt er að viðhalda gildandi landslögum um kaup á íbúðarhúsnæði sem notað er hluta úr ári uns ráðið samþykkir frekari ákvæði á þessu sviði í samræmi við 69. gr. sáttmálans. Þetta ákvæði hefur ekki áhrif á beitingu annarra ákvæða í lögum bandalagsins.

5. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 31. desember 1988, leggja fyrir ráðið tillögur um að stemma stigu við eða draga úr hættu á rangfærslum, skattsvikum og undanbrögðum hvers konar sem geta stafað af mismunandi landslögum um skattlagningu sparifjár og um eftirlit með beitingu þeirra.

Ráðið skal taka afstöðu til þessara tillagna framkvæmdastjórnarinnar eigi síðar en 30. júní 1989. Öll ákvæði um skattamál í bandalaginu skal samþykkja samhljóða svo sem kveðið er á um í sáttmálanum.

7. gr.

1. Í meðferð sinni á yfirfærslum vegna fjármagnsflutninga til eða frá löndum utan bandalagsins skulu aðildarríkin leitast við að ná sama frjálsræði og ríkir í viðskiptum meðal íbúa annarra aðildarríkja, samanber þó önnur ákvæði tilskipunar þessarar.

Ákvæði undanfarandi undirgreinar skerða ekki möguleika á að beitt verði lögum aðildarríkis eða lögum bandalagsins í samskiptum við lönd utan bandalagsins, einkum um gagnkvæma skilmála um starfsemi sem hefur í för með sér stofnun fyrirtækis, fjármálaþjónustu og skráningu verðbréfa á fjármagnsmarkaði.

2. Þegar stórfelldir skammtímafjármagnsflutningar til eða frá löndum utan bandalagsins raska alvarlega stöðu peninga- og fjármála innanlands eða utan í einu eða fleiri aðildarríkjum, eða valda alvarlegum vandkvæðum í gjald-eyriviðskiptum innan bandalagsins eða milli bandalagsins og landa utan þess, skulu aðildarríkin ráðfæra sig hvert við annað um ráðstafanir til að hamla gegn slíkum vandkvæðum. Samráðið skal fara fram á vegum nefndar seðlabankastjóra og peningamálanefndarinnar að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða einhvers aðildarríkis.

8. gr.

Að minnsta kosti einu sinni á ári skal peningamálanefndin kanna hvaða áhrif beiting tilskipunar þessarar hefur haft á frjálsa fjármagnsflutninga. Könnunin skal taka til innlendra reglna um lána-, fjármagns- og peningamarkað sem kunna að hafa sérstök áhrif á alþjóðlega fjármagnsflutninga og á alla aðra þætti sem koma fram í tilskipun þessari. Nefndin skilar framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurstöður þessarar könnunar.

9. gr.

Fyrsta tilskipunin frá 11. maí 1960 og tilskipun 72/156/EBE falla úr gildi frá og með 1. júlí 1990.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 24. júní 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

M. BANGEMANN

forseti.

I. VÍÐAUKI

**SKRÁ YFIR FJÁRMAGNSFLUTNINGA SEM UM GETUR Í 1. GR. TIL-
SKIPUNARINNAR**

Í þessari skrá eru fjármagnsflutningar flokkaðir eftir hagrænu eðli viðkomandi eigna og skulda og fjárhæðir tilgreindar annaðhvort í innlendum gjaldmiðli eða erlendri mynt.

Fjármagnsflutningar í þessari skrá eiga að ná yfir:

— allar þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru við fjármagnsflutninga: ákvörðun um viðskipti og framkvæmd þeirra og yfirfærslur tengdar þeim. Viðskiptin eru að öllu jöfnu milli aðila sem búsettir eru í mismunandi aðildarríkjum þó að sumir fjármagnsflutningar fari fram á vegum einstaklinga í eigin þágu (t.d. yfirfærsla eigna við flutning milli landa),

— aðgerðir einstaklinga eða löggjafaraðila⁽¹⁾, þar með taldar aðgerðir vegna eigna eða skulda aðildarríkja eða annarra stjórnarstofnana eða fyrirtækja, samanber þó 3. mgr. 68. greinar sáttmálans,

— möguleika viðskiptaáðila til að notfæra sér alla fyrirbyggjandi fjármálataekni á þeim markaði sem skipt er við svo að framkvæma megi viðskipti þau sem hér um ræðir. Til dæmis nær hugtakið kaup á verðbréfum og öðrum fjármálaskjöllum ekki aðeins til kaupa miðað við dagsverð heldur einnig til annars konar kaupa, þar á meðal framvirkra kaupa, viðskipta með skiptirétti eða kauprétti, skipta á öðrum eignum, og svo framvegis. Á sama hátt taka viðskipti með hlaupareikninga og innlánsreikninga hjá fjármálastofnunum til fleiri þátta en þess að opna reikning og leggja inn fé, þau ná einnig yfir framvirk gjalddeyriskaup, án tillits til þess hvort þau eiga að tryggja gegn gengisáhættu eða tekin er full gengisáhætta (opin),

— aðgerðir til að selja eða framselja eignir, yfirfæra afrakstur af slíkri sölu⁽¹⁾ eða hafa þegar í stað not af slíkum afrakstri innan takmarka sem bandalagið kveður á um,

— endurgreiðslu lána.

Þessi skrá er ekki tæmandi fyrir hugtakið fjármagnsflutningar og þess vegna er fyrirsögn F-þáttar XIII. kafla „Aðrir fjármagnsflutningar — Ýmislegt“. Hana ber því ekki að túlka þannig að hún takmarki umfang grundvallarhugmyndarinnar um óhefta fjármagnsflutninga eins og um getur í 1. gr. tilskipunarinnar.

I. — BEINAR FJÁRFESTINGAR⁽¹⁾

1. Stofnun og stækkun útibúa eða nýrra fyrirtækja í einkaeigu þess er leggur fram féð og kaup að fullu á starfandi fyrirtækjum.
2. Þátttaka í nýjum eða starfandi fyrirtækjum með það í huga að stofna til eða viðhalda varanlegum efnahagslegum tengslum.
3. Langtímalán með það í huga að stofna til eða viðhalda varanlegum efnahagslegum tengslum.
4. Endurfjárfesting hagnaðar með það í huga að viðhalda varanlegum efnahagslegum tengslum.

A — Beinar fjárfestingar aðila búsettra erlendis innanlands⁽¹⁾

B — Beinar fjárfestingar aðila búsettra innanlands erlendis⁽¹⁾

II — FASTEIGNAVIÐSKIPTI
(ekki talin með í I)⁽¹⁾

A — Fjárfestingar aðila búsettra erlendis í fasteignum innanlands

B — Fjárfestingar aðila búsettra innanlands í fasteignum erlendis

III — VIÐSKIPTI MEÐ VERÐBRÉF SEM AÐ ÖLLU JÖFNU ER VERSLAÐ MEÐ Á
FJÁRMAGNSMARKAÐI (ekki talin með í I, IV og V)

- a) Hlutabréf og önnur hluteildarverðbréf⁽¹⁾
- b) Skuldabréf⁽¹⁾

⁽¹⁾ Sjá skýringar hér á eftir.

A — Viðskipti með verðbréf á fjármagnsmarkaði

1. Kaup aðila búsettra erlendis á innlendum verðbréfum sem verslað er með á verðbréfaþingi. ⁽¹⁾
2. Kaup aðila búsettra innanlands á erlendum verðbréfum sem verslað er með á verðbréfaþingi.
3. Kaup aðila búsettra erlendis á innlendum verðbréfum sem ekki er verslað með á verðbréfaþingi⁽¹⁾.
4. Kaup aðila búsettra innanlands á erlendum verðbréfum sem ekki er verslað með á verðbréfaþingi.

B — Skráning verðbréfa á fjármagnsmarkað⁽¹⁾

- i *Inntaka á verðbréfaþingi⁽¹⁾.*
- ii *Útgáfa og framboð verðbréfa á fjármagnsmarkaði⁽¹⁾.*
1. Skráning innlendra verðbréfa á erlendan fjármagnsmarkað.
2. Skráning erlendra verðbréfa á innlendan fjármagnsmarkað.

IV — VIÐSKIPTI MEÐ HLUTDEILDARSKÍRTEINI FYRIRTÆKJA UM SAMEIGINLEGA FJÁRFESTINGU⁽¹⁾

- a) Hlutdeildarskírteini fyrirtækja sem fjárfesta sameiginlega í verðbréfum eða viðskiptabréfum sem að öllu jöfnu er verslað með á fjármagnsmarkaði (hlutabréf, önnur hlutdeildarbréf og skuldabréf).
- b) Hlutdeildarskírteini fyrirtækja sem fjárfesta sameiginlega í verðbréfum sem að öllu jöfnu er verslað með á peningamarkaði.
- c) Hlutdeildarskírteini fyrirtækja sem fjárfesta sameiginlega í öðrum eignum.

A — Viðskipti með hlutdeildarskírteini fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu

1. Kaup aðila búsettra erlendis á hlutdeildarskírteinum innlendra fyrirtækja sem verslað er með á verðbréfaþingi.
2. Kaup aðila búsettra innanlands á hlutdeildarskírteinum erlendra fyrirtækja sem verslað er með á verðbréfaþingi.
3. Kaup aðila búsettra erlendis á hlutdeildarskírteinum innlendra fyrirtækja sem ekki er verslað með á verðbréfaþingi.
4. Kaup aðila búsettra innanlands á hlutdeildarskírteinum erlendra fyrirtækja sem ekki er verslað með á verðbréfaþingi.

B — Skráning hlutdeildarskírteina fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu á fjármagnsmarkað

- i) *Inntaka á verðbréfaþingi.*
- ii) *Útgáfa og framboð á fjármagnsmarkaði.*
1. Skráning hlutdeildarskírteina innlendra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu á erlendan fjármagnsmarkað.
2. Skráning hlutdeildarskírteina erlendra fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu á erlendan fjármagnsmarkað.

V — VIÐSKIPTI MEÐ VERÐBRÉF OG ÖNNUR VIÐSKIPTABRÉF SEM AÐ ÖLLU JÖFNU ER VERSLAÐ MEÐ Á PENINGAMARKAÐI⁽¹⁾**A — Viðskipti með verðbréf og önnur viðskiptabréf á peningamarkaði**

1. Kaup aðila búsettra erlendis á verðbréfum og viðskiptabréfum á innlendum peningamarkaði.
2. Kaup aðila búsettra innanlands á verðbréfum og viðskiptabréfum á erlendum peningamarkaði.

B — Skráning verðbréfa og annarra viðskiptabréfa á peningamarkað

- (i) *Inntaka á viðurkenndan peningamarkað.⁽¹⁾*
- (ii) *Útgáfa og framboð á viðurkenndum peningamarkaði.*
1. Skráning innlendra verðbréfa og viðskiptabréfa á erlendan peningamarkað.
2. Skráning erlendra verðbréfa og viðskiptabréfa á innlendan peningamarkað.

⁽¹⁾ Sjá skýringar hér á eftir.

VI — VIÐSKIPTI MEÐ HLAUPAREIKNINGA OG SPARISJÓÐSREIKNINGA
HJÁ FJÁRMÁLASTOFNUNUM ⁽¹⁾

A — Viðskipti aðila búsettra erlendis við innlendar fjármálastofnanir

B — Viðskipti aðila búsettra innanlands við erlendar fjármálastofnanir

VII — LÁNVEITINGAR VEGNA VERSLUNAR- EÐA ÞJÓNUSTUVIÐSKIPTA SEM AÐILI BÚSETTUR
INNANLANDS Á HLOT AÐ⁽¹⁾

1. Skammtímalán (innan við ár).
2. Miðlungslán (eitt til fimm ár).
3. Langtímalán (lengur en fimm ár).

A — Lánsfrestur sem aðilar búsettir erlendis veita aðilum búsettum innanlands

B — Lánsfrestur sem aðilar búsettir innanlands veita aðilum búsettum erlendis

VIII — PENINGALÁN OG LÁNSFRESTUR (ekki talin með í I, VII, og XI)⁽¹⁾

1. Skammtímalán (innan við ár).
2. Miðlungslán (eitt til fimm ár).
3. Langtímalán (lengur en fimm ár).

A — Lán og lánsfrestur sem aðilar búsettir erlendis veita aðilum búsettum innanlands

B — Lán og lánsfrestur sem aðilar búsettir innanlands veita aðilum búsettum erlendis.

IX — ÁBYRGÐIR, AÐRAR TRYGGINGAR OG VEDHEIMILDIR.

A — Sem aðilar búsettir erlendis veita aðilum búsettum innanlands

B — Sem aðilar búsettir innanlands veita aðilum búsettum erlendis.

X — YFIRFÆRSLUR VEGNA TRYGGINGASAMNINGA

A — Iðgjöld og greiðslur vegna líftrygginga

1. Samningar gerðir milli innlendra líftryggingafélaga og aðila búsettra erlendis.
2. Samningar milli erlendra líftryggingafélaga og aðila búsettra innanlands.

B — Iðgjöld og greiðslur vegna lánatrygginga

1. Samningar gerðir milli innlendra tryggingafélaga og aðila búsettra erlendis.
2. Samningar milli erlendra tryggingafélaga og aðila búsettra innanlands.

C — Aðrar fjármagnsyfírfærslur vegna tryggingasamninga

XI — FJÁRMAGNSFLUTNINGAR EINSTAKLINGA

A — Lán

B — Gjafir og styrkir

C — Heimannundur

D — Erfðafé og dánargjafir

E — Lúkning skulda innflytjenda í fyrra búsetulandi

F — Yfírfærsla á eignum aðila búsettra innanlands, ef þeir flytja úr landi, meðan þeir koma sér fyrir eða dveljast erlendis

G — Yfírfærsla á sparifé innflytjanda til fyrra búsetulands meðan á dvöl erlendis stendur

⁽¹⁾ Sjá skýringar hér á eftir.

XII — EIGINLEGUR INNFLUTNINGUR OG ÚTFLUTNINGUR
Á ÁHÆTTUFJÁRMUNUM

A — Verðbréf

B — Greiðslumiðlar af einhverju tagi

XIII — AÐRIR FJÁRMAGNSFLUTNINGAR

A — Erfðafjárskattur

B — Skaðabætur (þar sem um fjármuni er að ræða)

C — Endurgreiðslur þar sem um afturköllun samninga er að ræða eða endurgreiðslur á óþörfum greiðslum (þar sem um fjármuni er að ræða)

D — Höfundarlaun: einkaleyfi, hönnun, vörumerki og uppfinningar (framsal og yfirfærslur sem upp koma í tengslum við slíkt framsal)

E — Yfirfærsla fjár vegna veittrar þjónustu (ekki talið með í VI)

F — Ýmislegt

SKÝRINGAR

Í skilningi þessarar skrár og tilskipunar hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

Beinar fjárfestingar

Hvers konar fjárfestingar einstaklinga, verslunar-, atvinnu- eða fjármálafyrirtækja sem þjóna því hlutverki að stofna til eða viðhalda varanlegum og beinum tengslum milli aðilans sem leggur féð fram og þess atvinnurekanda eða fyrirtækis sem féð hlýtur til þess að halda uppi atvinnustarfsemi. Þetta hugtak ber því að túlka í sinni víðustu mynd.

Til þeirra fyrirtækja sem nefnd eru í I-1 í skránni teljast sjálfstæð fyrirtæki að lögum (dótturfyrirtæki í eign eins móðurfyrirtækis) og útibú.

Hvað þau fyrirtæki áhrærir sem nefnd eru í I-2 í skránni og hafa stöðu hlutafélaga þar sem þátttaka takmarkast af hlutum, telst það bein fjárfesting þegar hlutir í eigu einstaklings í öðru fyrirtæki eða sérhvers annars eiganda gera hluthafanum kleift, annaðhvort samkvæmt ákvæðum landslaga um hlutafélög eða á annan hátt, að taka virkan þátt í rekstri eða stjórn fyrirtækisins.

Langtímalán þau sem nefnd eru í I-3 í skránni merkja lán til lengri tíma en fimm ára sem eru veitt í því skyni að stofna til eða viðhalda varanlegum efnahagslegum tengslum. Helstu dæmi sem nefna má í þessu sambandi eru lán sem félag veitir dótturfyrirtækjum sínum eða félögum sem það á hlut í og lán tengd hagnaðarhlutdeild. Lán, sem fjármálastofnanir veita í því skyni að stofna til eða viðhalda varanlegum efnahagstengslum falla einnig undir þennan flokk.

Fasteignaviðskipti

Kaup á byggingum eða landi eða bygging húsa af hálfu einkaaðila í hagnaðarskyni eða til einkanota. Þessi flokkur nær einnig til ítaka, afnotaréttar og byggingarréttar.

Inntaka á verðbréfaþingi eða viðurkenndan peningamarkað

Framboð verðbréfa og annarra viðskiptabréfa, samkvæmt nánar tilteknum aðferðum, hvort sem það er undir opinberri stjórn eða ekki, á opinberlega viðurkenndu verðbréfaþingi eða á opinberlega viðurkenndum hluta peningamarkaðar.

Verðbréf sem verslað er með á verðbréfaþingi (gefin upp og ekki gefin upp)

Verðbréf þar sem viðskiptin eru háð reglugerðarákvæðum, þar sem verð er reglulega auglýst annaðhvort af opinberu verðbréfaþingi (skráð) eða af öðrum aðilum sem tengjast verðbréfamarkaði, t.d. bankanefndum (óskráð).

Útgáfa á verðbréfum og öðrum framseljanlegum viðskiptabréfum

Boðin almenningi til sölu með útboði.

Framboð á verðbréfum og öðrum viðskiptabréfum

Bein sala verðbréfa af hálfu útgefanda eða félags sem hann felur söluna án þess að þau séu boðin almenningi.

Innlend eða erlend verðbréf eða önnur viðskiptabréf

Verðbréf þess ríkis sem meginstarfsemi útgefanda fer fram í. Kaup aðila búsettra innanlands á innlendum verðbréfum og öðrum viðskiptabréfum, sem útgefin eru á erlendum markaði, teljast kaup á erlendum verðbréfum.

Hlutabréf og önnur hlutdeildarverðbréf

Meðtalin eru réttindi til áskriftar að nýrri útgáfu hlutabréfa.

Skuldabréf

Framseljanleg verðbréf með gjalddaga tveimur árum eða meira frá útgáfu, þar sem vextir og endurgreiðsluskilmálar höfuðstóls og greiðsla vaxta eru ákveðin við útgáfu.

Fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu

Fyrirtæki:

- er hafa að markmiði sameiginlega fjárfestingu á því fé sem safnað er í framseljanlegum verðbréfum eða öðrum eignum og starfa á grundvelli áhættudreifingar, og
- þar sem hlutdeildarskírteini eru, að beiðni eiganda og samkvæmt skilmálum laga, samnings eða reglugerða sem um þau gilda, endurkeypt eða innleyst, beint eða óbeint, með eignum fyrirtækisins. Aðgerðir sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu grípa til í þeim tilgangi að tryggja að verð hlutdeildarskírteina á verðbréfaþingi sé ekki verulega frábrugðið hreinu verðmæti þeirra teljast jafngilda slíkum endurkaupum eða innlausnum.

Stofna má slík fyrirtæki í samræmi við lög, annaðhvort samningalög (sem sameiginlega sjóði undir stjórn umsjónarfélags) eða fjárvörslulög (sem verðbréfasjóði) eða samþykktir (sem fjárfestingarfélög).

Hvað tilskipun þessa áhrærir falla verðbréfasjóðir einnig undir „sameiginlega sjóði“.

Verðbréf og önnur viðskiptabréf sem verslað er með á peningamarkaði

Ríkisvixlar og aðrir framseljanlegir vixlar, innleggsskírteini, bankavixlar, skammtímaskuldabréf og önnur viðskiptabréf.

Lánfrestur í tengslum við vöruviðskipti eða veitta þjónustu

Samningsbundin viðskiptalán (fyrirframgreiðsla eða innborganir vegna verks í vinnslu eða pantaðrar vöru og lengri greiðsluskilmálar, hvort sem það felur í sér samþykki vixils eða ekki) og fjármögnun þeirra af hálfu lánastofnana. Þessi flokkur nær einnig til kröfukaupastarfsemi.

Peningalán og lánsfrestur

Hvers konar fjármögnun af hálfu fjármálastofnana, þar með talin fjármögnun tengd verslun eða veittri þjónustu þar sem enginn aðili búsettur innanlands á hlut að.

Þessi flokkur nær einnig til veðlána, neytendalána og fjármögnunarleigu, sem og viðbúnaðarsamninga og annarrar útgáfu á skuldaviðurkenningum.

Aðila búsettir innanlands og aðilar búsettir erlendis

Einstaklingar og lögpersónur samkvæmt skilgreiningum í gildandi gjaldeyrisreglum í hverju aðildarríki.

Afrakstur af eignasölu (á fjárfestingu, verðbréfum o.s.frv.)

Afrakstur af sölu, þar með talin sérhver verðmætaaukning, endurgreiðsla, greiðslur vegna fullnustu dóma, o.s.frv.

Einstaklingar og lögpersónur

Svo sem greinir í innlendum reglum.

Fjármálastofnanir

Bankar, sparisjóðir og stofnanir sem sérhæfa sig í veitingu skammtíma-, miðlungs- eða langtímalána, og váttryggingafélög, byggingafélög, fjárfestingarfélög og aðrar svipaðar stofnanir.

Lánastofnanir

Bankar, sparisjóðir og stofnanir sem sérhæfa sig í veitingu skammtíma-, miðlungs- og langtímalána.

II. VIÐAUKI

LISTI YFIR VIÐSKIPTI SEM UM GETUR Í 3. GR. TILSKIPUNARINNAR

Eðli viðskipta	Tilvísun í skrá
Viðskipti varðandi verðbréf og önnur viðskiptabréf sem að öllu jöfnu er verslað með á peningamarkaði	V
Viðskipti varðandi hlaupareikninga og sparisjóðsreikninga hjá fjármálastofnunum	VI
Viðskipti varðandi hlutdeildarskríteini fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu — fjárfestingar í verðbréfum og viðskiptabréfum sem að öllu jöfnu eru seld á peningamarkaði	IV A og B c)
Peningalán og lánsfrestur — skammtíma	VIII A og B 1
Fjármagnsflutningar einstaklinga — lán	XI A
Eiginlegur innflutningur og útflutningur áhættufjármuna — verðbréf sem að öllu jöfnu eru seld á peningamarkaði — greiðslumiðlar	XII
Aðrir fjármagnsflutningar: Ýmislegt — skammtímaaðgerðir svipaðar þeim sem að ofan getur	XIII F

Takmarkanir þær sem aðildarríki kunna að beita við fjármagnsflutningana sem taldir eru upp hér að ofan skal skilgreina og þeim beita á þann hátt að þær valdi sem minnstum hömlum á flutningi einstaklinga, varnings og þjónustu.

III. VIÐAUKI

ÞÆTTIR SEM UM GETUR Í 5. GR. TILSKIPUNARINNAR

Gildissvið ákvæða í aðildarlögunum frá 1985 viðvíkjandi fjármagnsflutningum í samræmi við skrána yfir fjármagnsflutninga í I. viðauka við tilskipunina.

Greinar í aðildarlögunum (upplýsingar um lok aðlögunartímans eru gefnar innan sviga)	Eðli viðskipta	Tilvísun í skrá
a) Ákvæði varðandi Konungsríkið Spán		
62. gr. (31. 12. 1990)	Beinar fjárfestingar aðila búsettra innanlands erlendis	I B
63. gr. (31. 12. 1990)	Fjárfestingar aðila búsettra innanlands í fasteignum erlendis	II B
64. gr. (31. 12. 1988)	<p>Viðskipti með verðbréf sem að öllu jöfnu er verslað með á fjármagnsmarkaði</p> <p>— Kaup aðila búsettra innanlands á erlendum verðbréfum sem verslað er með á verðbréfaþingi</p> <p>— undanskilin eru skuldabréf sem gefin eru út á erlendum markaði í innlendri mynt</p> <p>Viðskipti með hlutdeildarskírteini fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu</p> <p>— Kaup aðila búsettra innanlands á hlutdeildarskírteinum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem verslað er með á verðbréfaþingi</p> <p>— undanþegin eru hlutdeildarskírteini fyrirtækja sem eru í formi sameiginlegra sjóða</p>	<p>III A 2</p> <p>IV A 2</p>
b) Ákvæði varðandi Lýðveldið Portúgal		
222. gr. (31. 12. 1989)	Beinar fjárfestingar aðila búsettra erlendis innanlands	I A
224. gr. (31. 12. 1992)	Beinar fjárfestingar aðila búsettra innanlands erlendis	I B
225. og 226. gr. (31. 12. 1990)	Fjárfestingar aðila búsettra erlendis í fasteignum innanlands	II A
227. gr. (31. 12. 1992)	Fjárfestingar aðila búsettra innanlands í fasteignum erlendis	II B
228. gr. (31. 12. 1990)	<p>Fjármagnsflutningar einstaklinga</p> <p>i) í þeim tilgangi að nota hærri fjárhæðir en þær sem nefndar eru í 2. mgr. 228. gr.:</p> <p>— Heimannundur</p> <p>— Erfðafé og dánargjafir</p> <p>— Yfirfærsla á eignum aðila búsettra innanlands ef þeir flytja úr landi meðan þeir koma sér fyrir eða dvelja erlendis</p> <p>ii) í þeim tilgangi að nota lægri fjárhæðir en þær sem tilgreindar eru í 2. mgr. 228. gr.:</p> <p>— Gjafir og styrkir</p> <p>— Lúkning skulda innflytjanda í fyrra búsetulandi</p> <p>— Yfirfærsla á sparifé innflytjanda til fyrra búsetulands meðan á dvöl erlendis stendur</p>	<p>XI C</p> <p>XI D</p> <p>XI F</p> <p>XI B</p> <p>XI E</p> <p>XI G</p>

Greinar í aðildarlögunum (upplýsingar um lok aðlögunartímans eru gefnar innan sviga)	Eðli viðskipta	Tilvísun í skrá
b) Ákvæði varðandi Lýðveldið Portúgal (framh.)		
229. gr. (31. 12. 1990)	<p>Viðskipti með verðbréf sem að öllu jöfnu er verslað með á fjármagnsmarkaði</p> <p>— Kaup aðila búsettra innanlands á erlendum verðbréfum sem verslað er með á verðbréfaþingi</p> <p>— undanskilin eru skuldabréf sem gefin eru út á erlendum markaði í innlendri mynt</p> <p>Viðskipti með hlutdeildarskírteini fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu</p> <p>— Kaup aðila búsettra innanlands á hlutdeildarskírteinum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem verslað er með á verðbréfaþingi</p> <p>— undanskilin eru hlutdeildarskírteini fyrirtækja sem eru í formi sameiginlegra sjóða</p>	<p>III A 2</p> <p>IV A 2</p>

IV. VIÐAUKI

ÞÆTTIR SEM UM GETUR Í 2. MGR. 6. GR. TILSKIPUNARINNAR

I. Lýðveldið Portúgal má allt fram til 31. desember 1990 halda áfram að beita eða taka aftur upp þær hömlur sem í gildi voru á útgáfudegi tilskipunarinnar varðandi þá fjármagnsflutninga sem taldir eru upp í I. lista hér að neðan:

Listi I

Eðli viðskipta	Tilvísun í skrá
Viðskipti með hlutdeildarskírteini fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu	
— Kaup aðila búsettra innanlands á hlutdeildarskírteinum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem verslað er með á verðbréfaþingi	IV A 2 a)
— fyrirtæki sem heyra undir tilskipun 85/611/EBE ⁽¹⁾ og eru í formi sameiginlegra sjóða	
— Kaup aðila búsettra innanlands á hlutdeildarskírteinum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem ekki er verslað með á verðbréfaþingi	IV A 4 a)
— fyrirtæki sem heyra undir tilskipun 85/611/EBE ⁽¹⁾	
⁽¹⁾ Tilskipun ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (Stjttð. EB nr. L 375, 31. 12. 1985, bls. 3).	

II. Konungsríkið Spánn og Lýðveldið Portúgal mega allt fram til 31. desember 1990 (Spánn) og 31. desember 1992 (Portúgal) halda áfram að beita eða taka aftur upp þær hömlur sem í gildi voru á útgáfudegi tilskipunarinnar, varðandi þá fjármagnsflutninga sem taldir eru upp í II. lista hér að neðan:

Listi II

Eðli viðskipta	Tilvísun í skrá
Viðskipti með verðbréf sem að öllu jöfnu er verslað með á fjármagnsmarkaði	
— Kaup aðila búsettra innanlands á erlendum verðbréfum sem verslað er með á verðbréfaþingi	III A 2 b)
— skuldabréf gefin út erlendis í innlendri mynt	
— Kaup aðila búsettra innanlands (aðila búsettra erlendis) á erlendum (innlendum) verðbréfum sem ekki er verslað með á verðbréfaþingi	III A 3 og 4
— Inntaka verðbréfa á fjármagnsmarkað	III B 1 og 2
— þar sem verslað er með þau eða verið er að taka þau inn á verðbréfaþingi í aðildarríkinu	
Viðskipti með hlutdeildarskírteini fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu	
— Kaup aðila búsettra innanlands á hlutdeildarskírteinum fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem verslað er með á verðbréfaþingi	IV A 2
— fyrirtæki sem heyra ekki undir tilskipun 85/611/EBE ⁽¹⁾ og eru í formi sameiginlegra sjóða	
— Kaup aðila búsettra innanlands (aðila búsettra erlendis) á hlutdeildarskírteinum erlendra (innlendra) fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu sem ekki er verslað með á verðbréfaþingi	IV A 3 og 4
— fyrirtæki sem heyra ekki undir tilskipun 85/611/EBE ⁽¹⁾ og þar sem eini tilgangurinn er að kaupa eignir sem hafa verið gefnar frjálsar	
— Inntaka hlutdeildarskírteina fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu á fjármagnsmarkað	IV B 1 og 2 a)
— fyrirtæki sem heyra ekki undir tilskipun 85/611/EBE ⁽¹⁾	
Lánveitingar vegna verslunarviðskipta eða þjónustuviðskipta þar sem innlendir aðili á hlut að	VII A og B 3
— Langtímalán	

⁽¹⁾ Sjá neðanmálsgrein í I. lista.

- III. Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spánn, Írland og Lýðveldið Portúgal mega allt til 31. desember 1990 halda áfram að beita eða taka aftur upp þær hömlur sem í gildi voru á útgáfudegi tilskipunarinnar, varðandi fjármagnsflutninga sem taldir eru upp í III. lista hér að neðan:

Listi III

Eðli viðskipta	Tilvísun í skrá
Viðskipti varðandi verðbréf sem verslað er með á fjármagnsmarkaði — Skráning verðbréfa á fjármagnsmarkað — þar sem ekki er verslað með þau á verðbréfaþingi í aðildarríkinu	III B 1 og 2
Viðskipti fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu — Skráning verðbréfasjóða á fjármagnsmarkað — fyrirtæki sem heyra ekki undir tilskipun 85/611/EBE ⁽¹⁾ og þar sem eini tilgangurinn er kaup eigna sem hafa verið gefnar frjálssar	IV B 1 og 2
Peningalán og lánsfrestur — miðlungs- og langtímalán	VIII A, B 2 og 3

⁽¹⁾ Sjá neðanmálgrein í I. lista.

- IV. Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spánn, Írland og Lýðveldið Portúgal mega allt til 31. desember 1992 fresta því að afnema hömlur á þeim fjármagnsflutningum sem taldir eru upp í IV. lista hér að neðan:

Listi IV

Eðli viðskipta	Tilvísun í skrá
Viðskipti varðandi verðbréf og önnur viðskiptabréf sem að öllu jöfnu er verslað með á peningamarkaði	V
Viðskipti varðandi hlaupareikninga og sparisjóðsreikninga hjá fjármálastofnunum	VI
Viðskipti varðandi hlutdeildarskírteini fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu — fyrirtæki til að fjárfesta í verðbréfum eða viðskiptabréfum sem að öllu jöfnu er verslað með á peningamarkaði	IV A og B c)
Peningalán og lánsfrestur — skammtíma	VIII A og B 1
Fjármagnsflutningar einstaklinga — lán	XI A
Eiginlegur innflutningur eða útflutningur fjármuna — verðbréf sem að öllu jöfnu er verslað með á peningamarkaði — greiðslumiðlar	XII
Aðrir fjármagnsflutningar: Ýmislegt	XIII F

V. VIÐAUKI

Tvöfalda gjaldmiðilskerfið, eins og því er háttað í Konungsríkinu Belgíu og Stórhertogadæminu Lúxemborg, hefur ekki orðið til þess að hefta fjármagnsflutninga, en þar sem það er engu að síður frábrugðið peningakerfi Evrópu og því rétt að binda enda á það til að stuðla að árangursríkri framkvæmd tilskipunarinnar og í því skyni að styrkja peningakerfi Evrópu, þá skuldbinda þessi aðildarríki tvö sig til að leggja það niður fyrir 31. desember 1992. Þau skuldbinda sig einnig til að stjórna kerfinu, uns það verður lagt af, með þeim hætti að í raun sé óheftur flutningur fjármagns tryggður með þeim skilyrðum að gengi á mörkuðunum tveimur sé ekki verulega mismunandi.
